

37
21. marz

REGLUGERÐ

fyrir Tryggingarsjóð sparisjóða.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Tryggingarsjóður sparisjóða (hér á eftir nefndur tryggingarsjóður). Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja innstæður í sparisjóðum og greiðslur á þeim.

3. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð 3 mönnum. Skipar ráðherra formann stjórnarinnar. Með honum eiga sæti í stjórninni hagstofustjóri og skrifstofustjórinn í ráðuneyti því, er fer með bankamál.

4. gr.

Stjórnin heldur fundi þegar formanni þykir við þurfa, en auk þess er skylt að boða til fundar þegar meðstjórnendur óska þess.

Stjórnarfundir eru lögmatir, er tveir stjórnendur eru mættir. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum. Stjórnin skal bóka stutta skýrslu um það, er fram fer á fundum. Staðfestist hún með undirskrift mætttra stjórnenda.

5. gr.

Sparisjóði hverjum á landinu er skylt að greiða árlega 2% af nettóágóða sínum í tryggingarsjóð. Réttar greiðslur sannist með afriti af rekstrarreikningi. Greiðslurnar sendist stjórn sjóðsins þegar eftir uppgerð reikninga og eigi síðar en 1. júní. Eru framlög hvers sparisjóðs séreign hans að viðbættum árlegum vöxtum.

Fé það, sem greitt er í tryggingarsjóð, skal geymt í banka með ríkisábyrgð eða í auðseljanlegum verðbréfum.

Gjaldskylda sparisjóðs til tryggingarsjóðs fellur niður, þegar eign sparisjóðs í tryggingarsjóði er orðin 3% af samanlögðu innstæðufé sparisjóðsins.

6. gr.

Stjórn tryggingarsjóðs er heimilt að veita sparisjóði bráðabirgðalán til að fullnægja skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé. Lán má þó aðeins veita gegn tryggingum, er stjórn tryggingarsjóðs metur gildar.

7. gr.

Reikningsár tryggingarsjóðs er almanaksárið. Skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af yfirskoðunarmönnum landsreikninga og birtir í Stjórnartíðindum.

8. gr.

Hætti sparisjóður störfum, hefur hann rétt til að fá inneign sína í tryggingarsjóði greidda, skal hún ganga til greiðslu á kröfum innstæðueiganda, að því leyti sem með þarf, fyrr en aðrar skuldakröfur á sparisjóðinn séu af henni greiddar.

9. gr.

Útlagður kostnaður við stjórn tryggingarsjóðs og þóknun til sjóðstjórnarinnar, greiðist af tekjum sjóðsins. Upphæð þóknunar til sjóðstjórnarinnar ákveður ráðherra

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 17. gr. laga nr. 69 27. júní 1941, **37**
um sparisjóði, og öðlast þegar gildi.

21. marz

Viðskiptamálaráðuneytið, 21. marz 1944.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

REGLUGERÐ

38

22. marz

um viðauka við reglugerð um útvarpsrekstur ríkisins, nr. 10 frá 24. jan. 1936.

Aftan við 56. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Skylt er hverjum þeim, sem hefur með höndum viðgerðir og breytingar útvarpsviðtækja, að senda skrifstofu ríkisútvarpsins mánaðarlega skrá um slíkar viðgerðir og breytingar, þar sem greint sé fullt nafn og heimilisfang eiganda, tegund og verksmiðjunúmer viðtækis og hvenær viðtækið er tekið til viðgerðar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 6. gr. laga nr. 68 28. desember 1934 til að öðlast gildi þegar í stað.

Í kennslumálaráðuneytinu, 22. marz 1944.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

39

26. marz

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hofsóskauptún, nr. 42 7. marz 1939.

Gjöld samkvæmt 16. gr. hafnarreglugerðarinnar innheimtast frá 1. apríl 1944 og út það ár með 100% viðauka.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt lögum nr. 24 13. janúar 1938, um hafnargerð á Hofsósi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. marz 1944.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.